

Hjálparvakt ta lækna

fyrir börn og unglina

Fjárhagslegar aðstæður margra heimila hafa breyst verulega til hins verra á síðustu mánuðum. Því miður sýnir reynslan að eitt af því sem foreldrar neyðast til að spara þegar þengir að eru tannviðgerðir og effirlit hjá börnum og unglum. Dregið hefur stórlega úr þáttöku íslenskra stórvalda í kostnaði vegna tannheilsu barna og við blasir gífurleg hættu á tannskemmdum og jafnvel vanlíðan barna og unglina um þessar mundir. Í sumum tilfellum bíður fólk þess aldrei bætur.

Tannlæknar hafa ákveðið að koma til móts við þau heimili sem erfiðast eiga uppdráttar með sjálfböðavinnu við skoðun og viðgerðir tanna hjá börnum og unglum. Skorað er á barnafjölskyldur sem búa við kröpp kjör að nýta sér þetta **tækifæri til ókeypis tannlæknaþjónustu fyrir börn og unglina.**

Hjálparvakt tannlækna er samstarfsverkefni Tannlæknafélags Íslands og Tannlæknadeildar Háskóla Íslands. Þjónustan er veitt í húsnæði Tannlæknadeildar Háskóla Íslands, Læknagarði, **laugardagana 18. apríl, 9. maí og 23. maí frá kl. 10.00 – 13.00.**

Ekki er tekið við tímapöntunum en ráðstafanir eru gerðar til þess að biðtími verði ávallt hóflegur. Nánari upplýsingar eru veittar hjá **Tannlæknadeild Háskóla Íslands í síma 525 4850.**



Tannlæknafélag Íslands



HÁSKÓLA ÍSLANDS
HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐ
TANNLÆKNAEILD